

Ed.

517. Nefndarálit

nm frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

I.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála í þessu máli. Hefir meiri hlutinn skrifað nefndarálit á þingskjali 477 og leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt með litlum breytingum. Minni hlutinn telur hinsvegar ekki tímabært að breyta lögnum frá síðasta þingi, með því ekkert það hefir fram komið síðan, sem geri það nauðsynlegt eða æskilegt. Og engin umkvörtun hefir komið yfir þeirri niðurstöðu, sem mál þetta fjekk á síðasta þingi, hvorki frá þjóðinni nje yfirstjórn bankans. Og mun frumvarpið vera borið fram án vitundar yfirstjórnar bankans, bankaráðsins, sem heildar.

Eins og kunnugt er, var allmikið verk lagt í það á síðasta þingi að gera lög bankans, sem seðlabanka landsins, svo úr garði, að þau gætu uppfyllt þarfir vorar inn á við, og einnig orðið Landsbankanum, Alþingi og landinu til sóma út á við, þannig, að þau gætu vakið fult traust erlendra þjóða á fjármála-starfsemi vorri. Eru nú þessi lög eflaust komin í hendur sambanda Landsbankans erlendis og víðar.

Minni hlutinn þorir að fullyrða, að hvergi í heiminum sje eins ótryggilega um nokkurn seðlabanka búíð eins og verða mundi um seðlabanka Íslands, hvort sem frumvarpið yrði samþykkt óbreytt eða með þeim breytingum, sem meiri hlutinn leggur til, að gerðar verði á því, sem síðar munu verða leidd rök að.

Og þar sem seðlabankalög vor frá síðasta þingi munu nú vera orðin kunn samböndum Landsbankans erlendis, og ef til vill víðar, þá sjá allir, sem við slík fjármál hafa fengist, hversu hættulegt það gæti orðið álitu voru og trausti, þegar umheimurinn sæi, að Alþingi einu ári síðar hefði kipt burtu úr lögnum svo að segja allri yfirstjórn bankans og öllu eftirliti, sem óþjákvæmilegt þykir að bafa við alla seðlabanka heimsins, og ekki síst við ríkisbanka, sem hætt er við, að geti meira og minna orðið háðir flokkapólitíkinni.

Þess vegna var mikið kapp á það lagt á síðasta þingi, að yfirstjórn bank-

ans og eftirlit yrði í sem bestu lagi og í samræmi við það, sem reynsla annara landa er búin að sýna, að ekki verður komist hjá. Og einnig vor eigin reynsla.

Þá var og einnig sjeð fyrir, að bankinn fengi nægilegt fje sem gullforða, og þó nokkurt fje til tryggingar hinum sívaxandi sparisjóði.

Meiri hluti fjárbagsnefndar í efri deild á síðasta þingi gekk þó út frá, að fyrir gæti komið, að rikissjóðurinn yrði að leggja bankanum til nokkru meira en þær 5 miljónir (eða 3 milj. af 5), sem 5. grein laganna ákvað, ef matið á bankanum, sem fram átti að fara, gæfi tilefni til. Þetta mat er nú framkvæmt, en rikisstjórnin (eða fjármálaráðherra) hefir lærst undan að lofa nefndinni að fá vitneskju um niðurstöðuna af því mati, og meðundirskrifaður B. K., sem var í matsnefndinni, telur ekki eiga við að segja frá niðurstöðu nefndarinnar á móti vilja stjórnarinnar.

Það þing, sem fyrirskipaði matið, fær því ekki að sjá matið eða útkomu þess, en á samt að greiða atkvæði um það, hvort fella skuli burtu alt framlag rikissjóðs til bankans, eða að aðhyllast breytingartillögu meiri hlutans á þingskj. 477 um að leggja honum til 3 miljónir króna, sem þó aðeins er heimild, en engin skylda. Það leiðir af sjálfu sjer, að báðar þessar tillögur eru á sandi byggðar, þar sem niðurstaða matsins er ekki tekin til greina að neinu leyti. Og rikissjóðsábyrgðin bætir lítið úr fjárförf seðlabankans eins og ástatt er.

Gera má ráð fyrir, að stjórnin hafi gripið til þessa óyndisúrræðis, að hætta við að leggja bankanum nauðsynlegt fje, en setja rikissjóðsábyrgð í staðinn, vegna þess, að hún hafi talið rikissjóði of örðugt að leggja fram það fje, sem með þurfti.

En slíka örðugleika verður að sjálfsgöðu að yfirstíga. Stjórnin og þingið verður að þola að sjá framan í óvinina, örðugleikana og raunveruleikann.

Og þjóðin á beina beimtingu á því, að þingið sýni henni einlægni í svo afarþýðingarmiklu máli, svo hún einnig geti sjeð óvinina og hagað fjárkröfum og fjármálum sínum þar eftir.

Hinn 31. des. 1926 átti Landsbankinn engan varasjóð, og ekki mun þurfa að gera ráð fyrir, að hann eignist neinn varasjóð á árinu 1927, því að arður bankans á því ári mun ganga til þess að fella töpuð lán úr eftirstöðvum.

Af þessum sökum er það því auðsætt, hvað sem hag bankans líður að öðru leyti, að ekki er hægt að komast hjá að leggja bankanum til nægilegt fje sem gullforða, eða um 3 miljónir króna.

Að því er snertir framlag til bankans að öðru leyti, svo að hann eigi 5 miljónir króna breinar þegar hann byrjar raunverulega að starfa sem seðlabanki, þá eru tveir vegir fyrir hendi. Annar vegurinn er sá, að rikissjóður leggi honum fje til viðbótar, sem til kann að vanta. Hinn vegurinn er sá, að freista þess, að bankinn geti unnið sjer inn það fje, sem á kann að vanta, á nokkrum árum, og að rikissjóðsábyrgð yrði sett fyrir því.

En vitanlega þarf ábyrgð rikissjóðs ekki að ná lengra en svo, að bankanum sje trygð nefnd 5 miljóna króna upphæð á sínum tíma. Frekari ábyrgð er ónauðsynleg og óæskileg.

II.

Eigi getur minni blutlunn sjeð, að það gæti leitt til neinnar fjárbagslegrar

viðreisnar fyrir bankann, þó farið væri að taka upp landsbankanefndarfyrirkomulagið, samkv. 4. og 5. gr. frv., sem samkomulag varð um á síðasta þingi að fella burt úr frumvarpinu þá.

Hætt er við, að þessi 15 manna landsbankanefnd yrði skipuð upp og ofan af mönnum, sem enga sjerstaka þekkingu hafa á bankamálum. Og þar sem starf þessara manna yrði aðeins að koma saman einu sinni á ári, án þess að koma inn í bankann til eftirlits eða til að kynna sjer rekstur hans, þá er auðsætt, að þeir gætu ekkert lært af veru sinni í nefndinni. Og þegar svo er ástatt, er þess naumast að vænta, að þeir fyndu nægilega til ábyrgðar sinnar í stöðunni, þegar þá líka þar við hætlist, að þeir eiga að vinna kauplaust.

Það, sem þessi nefnd á að vinna samkv. 13. gr. frv., útheimtir þó allmikla mentun á bankarekstrarsviðinu. Hætt er líka við, að enn ver særi úr bendi fyrir henni að velja bankaráðið en Alþingi sjálfu, þar sem ábyrgðarlausir menn mundu líka ef til vill standa henni að baki og ráða öllum hennar gerðum.

Að vísu mun eitt dæmi vera til þess, að slík nefnd sje valin sem yfirstjórn við seðlabanka, við rikishbankann sænska. En það fyrirkomulag stafar frá mjög gömlum tíma. Sá banki var stofnaður um 1674—80 upp úr öðrum einkabanka (Rigets Ständer Bank), og mun tilhögunin standa í sambandi við þann uppruna bankans.

En slíkt fyrirkomulag mun hvergi síðar hafa verið innleitt við neinn seðlabanka.

En alt öðruvísi stendur líka hjer á en í Svíþjóð, sem er 60 sinnum stærri þjóð en íslenska þjóðin og hefir því gnægð af kunnáttumönnum til að velja í slíka nefnd.

III.

Starfssvið bankaráðsins er ákveðið í 14. gr. frumv., og bljóðar 1. málsgr. þeirrar gr. svo:

»Formaður bankaráðsins hefir fyrir hönd ráðsins stöðugt, daglegt eftirlit með starfsemi bankans«.

Formaður bankaráðsins á því *einn* að hafa eftirlitið í bankanum fyrir hönd bankaráðsins. Nú á einn flokkspólitískur ráðherra að velja þennan formann bankaráðsins, sem getur lagt fyrir hann að gera hvað sem ráðherra sýnist. Ráðríkur flokksráðherra getur því gert þennan bankaráðsformann að allsráðandi yfirbankastjóra í bankanum. Og þar með er bankinn sjálfur gerður að flokkspólitískri stofnun, sem flokkarnir á vixl geta farið með eins og bolta á milli sín, án þess að minni hluti geti nokkuð um það vitað, hvernig farið er með sje bankans. Alt vald yfir fjármagni landsins er því lagt í hendur eins flokksráðberra, eftirlitslaust.

Og alt eftirlitið af þingsins hálfu er dregið úr höndum þess, bæði samkvæmt þessari grein og öðrum greinum.

Bankaráðsmennirnir fjórir, sem Alþingi velur *óbeint* fyrir milligöngu landsbankanefndarinnar, verða að sætta sig við þær upplýsingar um hag bankans og stjórnarstefnu, sem formaður bankaráðsins má eða vill segja þeim, því sjálfir mega þeir ekki athuga neitt í bankanum. Og eftir því eiga þeir að *úrskurða* um mál bankans.

Nærri má geta, hvort slíkir úrskurðir geta orðið á rökum bygðir.

Vald bankaráðs Íslandsbanka til eftirlits í þeim banka þótti of takmarkað á sínum tíma. Þó var það svo, að það gat sent bvern bankaráðsmanninn sem það vildi inn í bankann til að rannsaka hag hans. En heimildin sú hefði þó þurft að vera *skylda* til að rannsaka hag bankans oftár en gert var og af bankaráðsmönnum á víxl. Og á þeirri reynslu og erlendri reynslu var fyrirkomulagið á starfsframkvæmd bankaráðs Landsbankans bygt á síðasta þingi.

Alþingi valdi þá líka 4 bankaráðsmenn, og áttu þeir daglega að athuga rekstur bankans, tveir og tveir á víxl ásamt formanni bankaráðsins. Þessir 4 bankaráðsmenn voru skilyrðislaust ráðnir til tveggja og fjögurra ára og formaðurinn einnig ráðinn skilyrðislaust til 3 ára samkvæmt lögum bankans. Þar sem eigi á að leggja þessar stöður niður, virðist það vera allmikið vafamál, hvort hægt er að svipta þessa menn stöðu þeirra fyrir en kjörtími þeirra er útrunninn.

IV.

Flestar aðrar aðalbreytingar á landsbankalögunum ganga út á það að afnema allt lögboðið eftirlit með stjórn og rekstri bankans og að útiloka Alþingi frá því að fá nokkra vitneskju um það, sem þar gerist.

Þannig er 37. gr. bankalaganna að mestu strikuð út, en í henni felst aðallega þetta:

1. að bankaráðið hafi daglegt eftirlit með bankanum, á þann hátt, sem áður er sagt.
2. að bankaráðið haldi fundarbók og bóki ályktanir sínar.
3. að fundarbók bankaráðsins sje lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis á hverju þingi til álita, og
4. að bankaráðið gefi Alþingi árlega skýrslu um það, hvernig bankanum var stjórnað á umliðnu ári o. s. frv.

Allt þetta á nú að strika út úr lögunum. Þar með er alveg fyrir það girt, að Alþingi geti haft nokkurt eftirlit með bankanum, þar sem líka þessir 4 bankaráðsmenn, sem Alþingi á óbeint að kjósa, mega ekkert eftirlit hafa með rekstri bankans.

Þá er lagt til í frumvarpinu að strika út 39. gr. bankalaganna, en í þeirri grein felst þetta:

1. að aðalbankastjóri hafi víðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum.
2. að framkvæmdarstjórnin haldi fundarbók, eins og verið hefir, sem í sju ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum hennar.
3. að eigi minna en 2 bankastjórar geti gert ályktun.
4. að að jafnaði skuli engar *meiri háttar* ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir.
5. að bankastjóri megi rita rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í gerðabókina, ef einhver ályktun er gerð á móti hans vilja.
6. að viðstaddir bankastjórar undirskrifti fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.
7. að hver deild bankans haldi sína dagbók.

8. að fundarbók bankastjóranna og dagbækurnar sju daglega lagðar fyrir bankaráðið, og
9. að fjarverandi bankastjóri beri ábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar.

Öllu þessu er slept, til þess að bankinn hafi *ekki* það eftirlit, sem hvarvetna annarsstaðar er álitid nauðsynlegt.

V.

Þá þykir rjett að minnast á sumar af hinum minni háttar breytingartilögum, svo sem breytinguna í 8. gr. frumvarpsins við 36. gr. bankalaganna.

Þar eru aðalbreytingarnar fölgjar í því:

- a. að fella burtu aðalbankastjórann, sem ætlast var til, að hefði sjerstaklega góða þekkingu og reynslu á viðskiftamálum.
- b. að fella burtu ákvæðið um það, að ef ráðherra vikur bankastjóra úr stöðunni, þá sje honum skylt að segja hinum frávikna »skriflega« frá ástæðum.

Um fyrra atriðið er naumast hægt að deila, því svo nauðsynlegt er að tryggja það, að að minsta kosti sje einn bankastjórinn sem best hæfur, sem kostur er á, til að gegna svo vandasamri stöðu.

Hitt ákvæðið var sett inn í bankalögin 1909, og var það gert til þess að fyrirbyggja, að ráðríkur flokksráðherra gæti vikið bankastjóra úr stöðunni alveg tilefnislaust og einungis af flokksástæðum.

Nú á að fella burtu þetta eina orð »skriflega« í niðurlagi 1. málsgr. 36. gr. bankalaganna, svo leiðin sje sem opnust til þess að víkja bankastjóra frá, sem t. d. ekki vill veita þau lán, sem flokksráðherrann, eða bankaráðsformaðurinn í hans stað vill láta veita.

Breyting þessi er ekki stór, en hún getur orðið ærið afleiðingarík.

Samkv. 14. gr. frumvarpsins er ákveðið, að framkvæmdarstjórn bankans skuli á hverjum reglulegum fundi meðal annars gefa skýrslu um, »hve mikið af fje bankans sje bundið í hverri atvinnugrein«.

Það var sýnt fram á það á síðasta þingi, að þetta ákvæði væri óframkvæmanlegt, þar sem atvinnuvegirnir hjer grípa hver ion í annan. Ákvæði þetta var því eðlilega felt burt úr frumvarpinu þá.

Þá er sú efnisbreyting gerð í 15. gr., að e-liðnum í 38. gr. bankalaganna sje breytt þannig, að eigi sje lögskipaður nema 1 gjaldkeri við bankann, þó vitanlegt sje, að bankinn getur alls ekki komist af með minna en 2 gjaldkera.

Eigi er minni hlutanum ljóst, hvað veldur þessari breytingu, því vitanlega má segja þessum gjaldkera upp stöðunni, þó hann sje stjórnskipaður, ef hann ekki rækir starf sitt með trúmensku og kostgæfni.

Þá er lagt til í 23. gr. frumvarpsins, að 57. gr. bankalaganna verði breytt.

Aðalbankastjórinn er feldur burtu í samræmi við fyrri breytingartillögu um það atriði.

VI.

Samkvæmt þeim bendingum, sem hjer hafa verið gefnar um efni þessa bankafrumvarps, telur mioni hlutinn það ekki hættulaust fyrir bankann að fara

nú aðeins eftir eitt ár að umturna mikilvægustu ákvæðum bankalaganna frá síðasta þingi og að rýra traust bans með þeim breytingum.

Alþingi ætti og að muna, að Landsbankinn á sjálfur ekkert veltufje, en starfar *eingöngu* með fje einstakra manna, sem gætu þreytst á því að láta Landsbankann ávaxta fje sitt, ef augljóst yrði, að bankann ætti að nota til þess að styrkja aðstöðu sjerstakra stjórnmalaflokka i landinu, eða hag sjerstakra stjórnmalamanna.

Minni hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði felt.

Um tillögur meiri hlutans verðnr rætt í framsögu.

Að lokum leyfir minni hlutinn sjer að láta prenta með álitu þessu 1) álit framkvæmdarstjórnar Landsbankans um málið og 2) álit bankaráðsins, sem eru í öllum aðalatriðum í samræmi við álit minni hlutans, svo langt sem þau ná.

Alþingi, 17. mars 1928.

Björn Kristjánsson,
framsm.

Jón Þorláksson.

Fylgiskjal I.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Reykjavik, 28. febr. 1928.

Með bréfi dags. 23. þ. m. hefir háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. mai 1927 (þingskjal nr. 198). Eftir að hafa athugað umrætt frumvarp leyfum vér oss að taka fram það, er hér fer á eftir um einstök atriði þess.

Ad. 1. 2. og 3. gr. Í þessum greinum er sú breyting gerð á Landsbankalögum, að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans innanlands, en felt niður, að ríkissjóður greiði bankanum nýtt stofnsfé. Um þessar breytingar viljum vér taka það fram, að vér teljum alveg óhjákvæmilegt að ríkissjóður leggi bankanum nýtt stofnfje, jafnt fyrir það að ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum bankans. Innlent innlánsfé getur ekki komið í stað stofnfjár og jafnvel þótt ríkissjóður vildi taka ábyrgð á nýju lengra láni fyrir bankann þá fullnægir það bankanum eigi heldur í stað stofnfjárins. Bankanum er nauðsyn að fá nýtt eigið fé, en nýtt lánsfé kemur honum eigi að gagni. Fljótt álitid kann að virðast litill munur á því hvort ríkissjóður tekur sjálfur lán og leggur bankanum það til sem stofnsfé eða bankinn sjálfur taki jafn hátt lán. En á þessu er sá munur sem úr sker fyrir bankann. Í fyrra tilfellingu fær bankinn eigið fé til umráða og það eitt skapar bankanum örugga aðstöðu til að vinna að aðalhlutverki sínu, sem er að hafa til frambúðar tök á gjaldeyri landsins. Vér höfum áður i brjefi til fjármálaráðuneytisins, dags. 16. des. 1926, látið í ljós það álit vort, að 2¹/₂ milj. kr. væri það minsta, sem Landsbankanum nægði sem *nýtt* stofnsfé. Vér erum enn þeirrar skoðunar, að minna megri það ekki vera, og er þó frekar ástæða til þess að telja það fullnægjandi, ef breyting sú er um ræðir i 3. gr. (um tekju-

afgang) nær fram að ganga. Til þess að gera nokkra grein fyrir aðstöðu bankans til þess að fullnægja ákvæðum laganna um seðlaútgáfuna skal hér sýnt hversu á stóð í þessu efni á síðastliðnu ári.

Gullforðinn nemur 2,25 milj. kr. og hefði þá bankinn getað haft í umferð samkvæmt 8. og 9. gr. 6 milj. kr. og 1 milj. samkvæmt 60. gr. (sbr. 59. gr.) samtals 7 milj. kr. í seðlum. Nú námu seðlarnir mest 9,72 milj. kr. (þann 3. okt.) og var því í umferð 2,72 milj. kr. meira af seðlum en lögin heimila. Til þess að seðlaútgáfan hefði verið samkvæmt ákvæðum laganna þurfti Landsbankinn að eiga inni erlendis þann dag 1,02 milj. kr., en þá skuldaði hann erlendis 2,4 milj. kr. Nú þegar sett hafa verið lög um seðlaútgáfuna, má eigi víkja frá þeirri kröfu bankans, sem fer með seðlaútgáfuna, að hann fullnægi ákvæðum laganna. Þá er brostið það aðhald að stjórn bankans, sem er tilgangur laganna og þá eru horfin þau skýru merki, sem eiga að sýna þingi og þjóð hversu heilsufarið er í fjármálanum. Fáir bankinn ekki nýtt stofnsje, þá er að visu til önnur leið til þess að fullnægja ákvæðum laganna. Hún er sú að draga þegar svo mikið úr notkun lánstrausts erlendis, að ákvæðum laganna verði fullnægt. Þessa leið álitum vér ekki færa, eins og ástatt er; og reynslan hefir sýnt að ávalt má búast við miklum áramun í viðskiftunum við útlönd og þar af leiðandi verður seðlabankinn að vera viðbúinn að fullnægja óvenjulegri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri; álitum vér því ókleift að minna lánsnotkunina skyndilega svo mikið, að með þeim hætti verði ákvæðunum um seðlaútgáfuna fullnægt til frambúðar.

Ad. 4.—13. gr. Í þessum greinum eru ákvæði um Landsbankanefnd, sem á að hafa með höndum yfirstjórn bankans. Að óeyndu er erfitt að gera sér grein fyrir hversu slíkt skipulag muni reynast. Oss virðist þó líklegt, að slíkt fyrirkomulag muni verða allþunglamalegt og eigi séð, að með því sé öruggara um stjórn bankans búið en nú er.

Ad. 14.—16. gr. Bankaráð og framkvæmdarstjórn. Við þessar greinar höfum vér ekkert sérstakt að athuga. Um 16. gr. skal þó tekið fram, að í áður nefndu bréfi til fjármálaráðuneytisins (dags. 16. des. 1926) lögðum vér til að fyrirkomulag framkvæmdarstjórnar yrði svipað og hér er gert ráð fyrir.

Eunfremur viljum vér taka það fram, að oss virðist eðlilegt, að eigi sé lögákveðin nema ein gjaldkerastaða í bankanum, eins og gert er í 15. gr. (væntanlegri 43. gr. e.). Hversu framkvæmd á því gjaldkerastarfi verður, er þá í höndum bankaráðs. Sem stendur er önnur lögákveðin gjaldkerastaða og virðist oss réttast, að hún haldist meðan sá maður gegnir henni, sem nú er skipaður í þá stöðu og að hann haldi þeim réttindum, sem hann hefir samkvæmt núverandi lögum. Ætti þá að koma um þetta atriði bráðabirgðaákvæði.

Loks eru tvö atriði enn, sem vér viljum víkja að. Hið fyrra er ákvæði frumvarpsins um skipun bankaráðsins. Skipunartími bankaráðsmannanna fjöggra er óbreyttur, en formaður bankaráðsins á að skipast til fimm ára í stað þriggja, og virðist oss það endurbót á lögnum, sem greiðir fyrir samhengi og festu í starfsemi bankaráðsins. Í samræmi við þessa stefnu væri það, að ákvæði þessi kæmu þá fyrst til framkvæmda, er út rennur tími þeirra, er nú eiga sæti í ráðinu. Hitt atriðið er, að sú breyting er gerð á frumvarpinu, að endurskoðendur

bankans skuli aðeins kosnir til eins árs í senn. Teljum vér að það muni æffarsælla fyrir bankann, að haldið sé þeirri tímalengd óbreyttri, sem nú er í lögum.

Virðingarfyllst.

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. L. Kaaber. Georg Ólafsson.

Til hinnar háttvirtu fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Ú T S K R I F T

úr

fundabók bankaráðs Landsbanka Íslands, 28. febr. 1928.

Fyrir bankaráðinu lá umsögn framkvæmdarstjórnarinnar um Landsbankalagafrumvarp það (þingskjal 198), sem nú er til meðferðar í efri deild Alþingis og fjárhagsnefnd þeirrar deildar hefir beiðst umsagnar um.

Ákveðið var að senda fjárhagsnefndinni umsögn framkvæmdarstjórnarinnar, sem meiri hluti bankaráðsins (Sig. Briem, Jóh. Jóhannesson og Magnús Jónsson) getur fallist á í öllum aðalatriðum, þó með þeirri viðbót, að þeir telja Landsbankanum geti orðið það skaðlegt, að nú þegar sje farið að breyta Landsbankalögunum frá síðasta þingi, að því er virðist að nauðsynjalausu, og að þeir álíta ríkissjóðs ábyrgð á öllum innlendum skuldbindingum bankans að minsta kosti »princípielt« athugaverða.

Jónas Jónsson tók það fram, að hann væri fylgjandi hinu umrædda frumvarpi með smávægilegum breytingum.

Jón Árnason tók fram, að hann sje ekki í öllum greinum samþykkur umsögu framkvæmdarstjórnarinnar um frumvarpið. Telur hann breytingar frumvarpsins vera til bóta í aðalatriðunum, einkum ákvæðin um ríkisábyrgð og framkvæmdarstjórn og skipun bankaráðs.